# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 4

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

fundur 12/7. 06.
Lánið veitt. —
20/7. 06. Sundabr. þjóð. amtsbæjarfóg. etc.

Sökum uppáfallandi veikinda, er nú svo komið högum mínum, að jeg óumflýjanlega hlýt að skóra hinni háttv. fátækrastjórn R.víkur frá þeim; jeg veiktist fyrir hlut síðastliðins vetrar, lagðist í rúmið í Mars mánuði, og hefi legið rúmfastur síðan, og get aungvan bata á mér fundið enn þá, og þar sem jeg hefi verið eina fyrirvinnan fyrir heimili mínu, að undanskildri konunni, þá er mér nú ekki mögulegt að komast af lengur hjálparlaust, reindar á jeg bæ með lóð, og svo dálitlum blett, sem jeg hugsa mér að selja (nl. blettinum), enn það get jeg ekki í bráða hasti, nema mér til skaða ef til vill. Greindra orsaka vegna leyfi jeg mér hér með virðingarfyllst, að leita hjálpar hinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

háttvirdtu fátækrastjórnar, og bidja
hana svo vel gjöra, ad lána mér eda
hjálpa um 100 kr, og mun jeg ekki brúka
þar í óhófi eda um þörf framm; Skildi
nú háttv. stjórn fremur vilja hjálpa mér
mánadarlega; þá er mér þad mjög óhag
kvæmt, þar sem jeg hefi aungvann til
ad nálgast þad fyrir mig, því konan
á ekki heimangeingt; þar sem ekki er
á ödru ad taka, mundi jeg á þann hátt
ekki komast af med minna enn 30 kr
mánadarlega til fædis og medala, mér
yrdi því hjálpin á fyrgreindan ~~h~~máta
ólíkt hagkvæmari. Jeg vil taka þad fram,
ad fái jeg heilsu aptur, svo jeg geti unnid
mér braud þá hefi jeg fullann hug á ad
endurborga styrk þann sem mér yrdi veittur.
Jeg vona ad háttv. stjórn verdi vid þessum
tilmælum mínum. —

Virdingarfyllst —
Jón Jónsson

Litluhólabrekku 4/7 1906

Til
fátækrastjórnarinnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður fátækranefndarinnar hefur greitt í fátækrasjóð 5 - fimm - krónur uppí sveitarskuld Péturs Þórðarsonar Grettisgötu 35.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 20. júlí 1906.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 26/7. 06. – veitt. –

Háttvirta fátækranefnd!

Jeg neiðist til, að endursenda medfylgjandi reikning, frá Mattíasi Einarssyni lækni, í þeirri von, að hann verði borgaður af fátækrasjóði. Þar jeg sjeð mjer ekki fært á neinn hátt að borga hann, sökum annara gjalda, sem einnig hafa fallið á mig vegna sjúkdóma hjá mjer.

Bergstaðastr. 50 R.vík
10/7 1906

Hallgrímur Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður Björn Sveinbjarnarson bóndi í Hvarfelli í Lundarreykjadal í Borgarfjarðarsýslu gjöri kunnugt að jeg með skjali þessu gef herra óðalsbónda Vigfúsi Pjeturssyni á Gullberastöðum fullt og ótakmarkað umboð til þess fyrir mína hönd að veita móttöku 40 - fjörutíu - krónum hjá herra bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni í Reykjavík. Og er nefnd upphæð meðlag með drengnum Kristmanni Borgfjörð Guðmundsyni, sem hjá mjer dvelur af hálfu föður drengsins, Guðmundar Jónssonar. Þessi umrædda upphæð er þær 20 - tuttugu - krónur er greiðast áttu 23. oktobermán. 1905 og 20 - tuttugu - krónur sem greiðast áttu 23. apríl þessa árs.

Allt sem nefndur Vigfús Pjetursson gjörir þessu viðvíkjandi skal vera eins og jeg hefði það sjálfur gjört.

p. t. Lundi 30. júlímán. 1906

Björn Sveinbjörnsson

Vitundarvottar:

Kristján Daníelsson

Þórður Þórðarson

~~Björn~~

Meðtekur 20 - tuttugu - krónur, sem er fallnar til 23. okt. 1905, og veitist hjer með viðurkenning fyrir. —

p. t. Reykjavík, 3. ágúst —, 1906.

Vigfús Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/8. '06.

Síðastliðið vor fór að votta fyrir ill-
kinjuðum sjúkdómi á mér, og þyrmdi svo
fljótt yfir mig, að jeg lagðist rúmfastur
um hvítasunnu, og hefi legið síðan, þó
jeg nú einstöku sinnum dragist í fötin
þegar best og blíðast er veður, þá getur
það eingin bati heitið; og með því
að útlit er fyrir að sjúkdómur þessi
sé ekki afléttilegur, (og mér ekki mögulegt að veita heimilinu forsorgun lengur) þá hefi jeg
ekki önnur úrræði, enn að leita
hjálpar hinnar háttv. fátækrastjórnar
og biðja hana svo vel gjöra, að veita
mér styrk framvegis, mér og fjölskyldu
minni til forsorgunar; hvað upphæð
styrksins viðvíkur, þá hefi jeg giskað á



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að 40 kr mánaðarlega væri það minsta
sem jeg kjæmist af með, og þó það í fljótu
áliti sýnist mikið, þá verður það ekki
þegar þess er gætt, að jeg hefi 6 börn í
ómegð, og með hússtýru verða 10 manns
í heimili hjá mér; það þýðir ekki að
fara fleiri orðum um þetta, og treisti
jeg því og vona að háttv. fátækrastjórn
verði við þessum tilmælum mínum. —

Virðingarfyllst.

Brúarenda 9 Aug. 1906.

Dagfinnur Jónsson.

Til
Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

la
Ljóta
kki
í
ss
ad
iski
n
, —
.
ky

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg hef samkvæmt ósk formanns fátækranefndarinnar í Reykjavík skoðað Dagfinn í Brúarenda í dag. Hann hefur <u>líkþrá</u> (lepra tuberosa), á lágu stigi að vísu ennþá. Þó er það <u>mjög svo viðsjárvert</u> að láta hann búa þar með átta börnum og konu vegna sýkingarhættu sem af honum stafar. Þarf því að einangra hann, annaðhvort með því að flytja hann í Laugarnesspítalann, eða láta hann vera í einbýli. –

Reykjavík 13/8. '06

Sæm. Bjarnhjeðinsson

Formaður fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur ~~26~~/7. 06. – frestað. – Samþykt.

Sakir hinna langvarandi veikinda minna leyfi eg mér virðingarfylst að beiðast styrks í lánsformi úr fátækrasjóði er geti numið alt að 200 kr.

Vottorð frá Þórði Thoroddsen lækni um sjúkdóm minn fylgir hér með.

Reykjavík 23. júlí 1906.

Virðingarfylst

Þorkell Ólafsson

29/7. 06. Vottorð læknisins afhent Þorkeli aftur (það segir: „óvinnufær af gigt, óvíst hvað lengi“).
Þ. Thor.

1/8. veittur styrkur 20 kr.

Til Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 10. d. ágúst mán. 1906.

Með samstundis meðteknu heiðruðu brjefi fátækranefndarinnar dags. í dag hef jég meðtekið viðskiptabók Nr. 11793 við Landsbankann með innstæðu 220 kr. tilheyrandi þurfalingi Sigríði Þorláksdóttir frá Kastrhúsum. —

Fyrir þessu veitist viðurkenning.

Halldór Daníelsson

Til
Formanns fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á að framfærast í vor. — f. 26/4. '06.

Brunnstíg no 10 Rvík
25/4 -'06

Háttvirta fátækranefnd
Reykjavíkur!

Hjermeð vil eg tilkynna yður að eg ekki held drenginn Þorgrím Hermannsson lengur en til 14. maí þ. á.

Virðingarfyllst
Eyjólfur Magnússon

~~Drengurinn enn hjá Eyjólfi.~~
og verður eventuel- framvegis.
13/9. '06.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frmdsu 27/9. 06. – veitt.

Hér þar sem að jeg í fullu
sinn verið að eiga gefa Kot
það sem jeg hef umráð yfir
og leigja mjer vera stað
verð jeg að biðja hina háttvirtu
Fátækra nefnd Reykjavíkur
bæar að hjálpa mjer og borga
fyrir mig húsa leigu á meðan
jeg get ekki verið í því nefndu
koti því jeg treisti mjer
ekki til að hafa ofan af fyrir
tveimur Börnum og borga
líka af minni vinnu húsa
leiguna sem jeg get ekki
feingið lægri enn 4 krón
um um Mánuðinn
og í því trausti að nefndinn
yrði við bón þessari hef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg bugt mjer verustað
Mýri í Reykjavík 24 September
1906
Með virðing
Jóhanna Jónasar dóttir

Til
Fátækra nefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 23/8. 06. – Davíð (frestað).
fundur 13/9. 06. – veitt.

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

Beiðni frá
Sigríði Einarsdóttur
á Spítalastíg
um að fá 20,00 kr:
tuttugu krónur fyrir
Kjöti, Slátri, Olíu
og ýmsu smávegis
sem maður kemst ekki af án

Rvk. 16/8 – 06
Virðingarfyllst,
Sigríður Einarsdóttir

Athugasemd (handsalað)
það skal tekið framm
jeg get ekkert gjört
Sigr. Einarsdóttir
(handsalað)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 27/9. 06. veitt.

þar sem eg er hjálparþurfi eins og optar hefur verið þar sem heylsan hamlaði því að eg geti haft. Eptir þettað sumar neytt til undirbúnings undir Veturinn til bjargar og þar að auki sje Ekki að eg geti haft börn hjá mjer í vetur vegna húsrúmsleysis utan örfá. þá Leyfi eg mjer virðingarfyllst að mælast til að hin Heyðraða Fátækranefnd vildi svo vel gjöra og veyta mjer styrk mánaðarlega hjer Eptir. Eg nefni aungva upphæð því að nefndinni er það svo kunn=ugt hvað erviðt það er að afla sjer bjargar og borga hús fyrir þann sem atvinnulaus er og getur Ekki unnið virðingarfyllst

Vernhardarhúsi 26 Septembr 1906

Þórður Stefánsson

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 13/9. 06. (Er nú hjá frú Ingvari Nikulássyni, og vill vera þar framvegis). Enn fundur 27/9. 06.

Með því að jeg, sem er á 87. aldursári, og alveg þrotin að kröptum og heilsu, og hefi alls engin efni við að styðjast, get jeg ómögulega komizt neyðarlaust af með þann 12 króna mánaðarlega styrk, sem mjer undanfarna mánuði hefir verið veittur af fátækra-sjóði, leyfi jeg mjer auðmjúklegast að biðja hina hátt-virtu fátækrastjórn að veita mjer 3 krónur í viðbót við þann styrk sem jeg hingaðtil hefi fengið, svo að jeg framvegis frá byrjun næsta mánaðar fái 15 kr. á mánuði, því með minni styrk get jeg ekki komizt neyðarlaust af, og jeg treysti því að hin háttvirta fátækrastjórn eigi vilji láta mig líða nauð af viður-værisskorti í minni háu elli, þann stutta tíma, sem jeg kann að eiga eptir ólifaðan.

Laugavegi 52 í Reykjavík, 12. september 1906.

Auðmjúklegast.

Ingunn Sigvaldadóttir.

fór síðast í ágúst frá ~~Jóni~~ [illegible] — ~~[illegible]~~

~~[illegible]~~

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

13/9. 06. Falið Davíð Jóhannessyni að tala við Ingunni, og séra Ingvar. — Ellistyrk-ið ~~til~~ greini.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/9-06.-

Patreksfirði Kutter „Portland" 29/8 - 06

Vegna hins mjög svo lága ár-ferðis sem verið hefur á sjónum í ár hinna sífeldu storma og afla leisis og svo þess er eigi bátir úr og það er lækkun á afurðum sjávarins þá er hætt við að hinum fátækari sjómönnum gangi ervitt að draga framm lífið sem hafa eins marga ómaga sem jeg.

Þjenusta mín þetta ár verður hjer um bil 500 krónur og þegar búið er að taka frá húsnæði opinber gjöld og líkamlega þarfir fyrir 5. manns í landi konu og 4. börn þá sjá það allir heilskignir menn að það muni ekki vera mikið eptir af þessum

opinbert

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

500. krónum og hef jeg þá átt hjer manna bestan afla bædi gæðum og tölu (sjá með fylgandi vottorð).

þessvegna mælist jeg fastlega tilað að hin hátt virta þátakra nefnd Reykjavíkur hlutist til um að út vega mjer vetrar langa vinnu ef mögulegt væri því að öðrum kosti kemst jeg ekki af en peninga kæri jeg ekki um því jeg hef nóga krapta og heilsu tilað vinna, en allir vita hvaðer ervitt fyrir þann sem kemur svona að vifandi að kopnast að vinnu og ekki sist sjómann er apt er litið svo á að ekki þurfi þess með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/ sú vinna er jeg helst vil
benda á er almenn stein vinna
því að henni hef jeg unnið fyrir
farandi vetur talsvert og vil jeg
til nefna „Mjölner“ sjer staklega því
þar er dag-leg vinna löng og
óslitinn en ef þess er ekki kostur
þá við ein hver-jar þær bygg
ingar er lengst standa yfir því
jeg hef stránga þörf fyrir
langa vinnu. vottorð frá þeim
mönnum er jeg hef unnið
hjá í R.v.k. stein vinnuna
get jeg komið með þegar jeg
kem heim en það verður ekki
fyr en 15 septim ber.

En firsta okktóber vildi jeg
helst geta fengið vinnuna
virðingar fillst
til Fátlækra nefndar Reykja víkur
Haraldur J. H. Jónsson
Grettisgötu 53

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Vottorð.

Hjer með votta jeg undirskrifaður at hr. Haraldur Jónsson í Grettisgötu 54. hefur verið með mjer sem hásti 4 útgerðar-ár. Hann er dugnaðar matur og lagvirkur til allra skipsverka, hlíðinn og umgéngisgóður. Hann hefur verið einn af mínum bestu fiskimönnum og bragðar alls ekki vín svo jeg viti til þetta votta jeg sem skipstjóri, eftir bestu sannfæringu. —

Um borð í Kutter „Portland" 20/8 1906

Guðmundur Stefánsson
skipstjóri. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/9.'06. veitt

Reykjavík, 12. sept 1906.

Síðast frá 1/12. – 14/5. 5 kr

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjer með virðingarfyllst, að biðja hina háttvirtu fátæk[r]anefnd í Reykjavík að veita mjer af fátækrasjóði húsaleigustyrk frá 1. þ. m. og árið yfir, eða til 1. sept. 1907 (5 kr. mánaðarl.) –. Hin háttvirta nefnd hefur undanfarin ár góðfúslega látið mig hafa húsaleigustyrk yfir vetrarmánuðina að eins; enn sökum þess, að jeg er nú orðinn mjög heilsutæpur, og það svo að jeg hef ekki í sumar getað unnið nema 3–4 daga í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vikur hverri, og annað það, að á mig bætist nú ómegð 4 barnið væntanlegt, þá sje jeg enga leið til þess, að jeg geti af eigin ramleik borgað nokkra húsaleigu meðan heilsan er svona bág, og ómegðin hlaðist svona á mjer; það má heita að það skipist vel ef jeg þarf ekki að leita frekari styrks eptir því sem nú áhorfist.
Jeg treysti því þessvegna fastlega, að hin háttvirta nefnd veiti mjer þennan hjer að framan umbeðna styrk, ella er jeg húsnæðislaus við næstu mánaðamót, fæ hvergi leigt uppá eigin ábyrgð, sem ekki er heldur náttúrlegt, því allir sjá kringumstæður mínar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fjölyrði jeg svo ekki frekar hjer um, en vænti hinna beztu úrslita þessa máls.

Virðingarfyllst.

Þórður Þorkelsson
frá Grjóta.

Til

fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 13/9. 06. – veitt.

Um undanfarin 4 ár hefi jeg og maður minn Þorvaldur Einarsson, – sem nú er í kaupavinnu austur á Fjörðum, – fengið 3 kr. mánaðarlega í húsaleigustyrk af fátækrasjóði, og síðastliðin 2 ár höfum við verið í kjallara í húsinu Nr. 11. A. á Skólavörðustíg fyrir 4 krónur á mánuði, og því orðið að borga – auk húsaleigustyrksins af fátækrasjóði – 1 kr. á mánuði frá sjálfum okkur. Nú er þetta húsnæði, sem við höfum haft, svo lítið og þröngt, að við þar ekki getum geymt neitt, sem við þurfum á að halda, og getum ekki fengið þar neitt geymslupláss nema með því móti að húsaleigan sje þá 5 kr á mánuði. En nú get jeg fengið húsnæði, sem okkur er hentugra á Bókhlöðustíg, fyrir 5 krónur á mánuði, en af því við hjón ekki getum borgað meira en 1 kr. á mánuði frá sjálfum okkur, leyfi jeg mjer auðmjúklega, í fjarveru manns míns, að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita okkur 1 kr. mánaðarlega í viðbót við þann styrk, sem okkur hefur hingað til verið veittur af fátækrasjóði, svo að sá styrkur verði framvegis 4 kr. mánaðarlega frá byrjun næstkomandi októbermánaðar.

Skólavörðustíg 11. A í Reykjavík, 10. sept. 1906.

Auðmjúklegast.

Margrjet Benjamínsdóttir

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 13/9. d. – Synjað. –
14/9. d. skr. Þorvaldi K.

Eg undirskrifaður bið hina
háttvirtu fátækranefnd Reikjavíkur
að borga fyrir mig húsaleigu
til Baldurs Benediktssonar
snikkara í Rvík, fyrir
mánuðina júlí ágúst og septemb.
7 kr. pr. m. = 21,00 tuttugu
og eina krónu.

Ef eg fæ heilsu mína aftur –
sem eg hefi góða von um
þá hefi eg einlægan vilja
á, að borga aftur það sem
fátækranefndin hefir hjálpað
mér um, og jafnvel rentum
af því láni.

Reykjavík 28. Ágúst '06

Þorkell Ólafsson

Til Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

til hr. múrara Þorkels Ólafssonar

frá Bald. Benediktssyni

ÚTTEKIÐ:

| 1906 | | | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|---|
| | | Húsaleiga fyrir Júlí Agust og September Kr. 7 pr. mán. | 21 | " |

Benediktsson
Rvík 29.8.'06

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 13. d. septbr. mán. 1906

Að gefnu tilefni í brjefi heiðr. fátækranefndar dags. 28. júlí þ. á. hef jeg rannsakað málefnið um sveitfesti Hafliða Bjarnasonar prentara, sem nú liggur á St. Jósefsspítala gegn ábyrgð nefndarinnar, og hefur niðurstaðan orðið sú, að Hafliði sje vafalaust sveitlægur hjer í bænum. Hann er fæddur í Reykjavík 27. okt. 1873 og dvaldi hjer samfleytt 11 ár eptir 16 ára aldur (frá 1889–1900) Í Kaupmannahöfn var hann 4 ár 1900–1904. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinni heiðruðu fátækranefnd.

Halldór Daníelsson

Til

Fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 23/8. 06. Frestað. Jón Egg.
Fundur 27/8. 06. Samþ. –

Þar sem jeg á síðastliðinni krossmessu
varð að taka tengdamóður mína Guðrúnu
Sigurðardóttir til mín ásamt syni
hennar Júlíus Runólfsson,
tengdamóðir mín er mjög farin að heilsu
og getur því ekki unnið fyrir sér inn
brauð hvað þá heldur öðrum,
Þar sem mér nú finnst jeg hafa ljett
töluverðri byrgði af bæjarsjóði með því
að taka tengdamóður mína, þar sem henni
sjáanlega var ómögulegt að komast
hjá því, að beiðast framfærslustyrks.
En jeg er ekki svo efnum búinn að jeg
geti haldið drenginum líka meðgjafarlaust
Vil jeg því hérmeð virðingarfyllst fara þess
á leit við hina háttvirtu fátækranefnd
Reykjavík að henni mætti þóknast að
hlutast til um, að mér verði skaffað
meðlag með drengnum Júlíusi Runólfssyni
og get jeg ekki [illegible] lægra

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjalda nú 8 Krónur um hvern mánuð
frá 14. maí síðastliðins að telja,
samt vildi jeg miklu heldur vera
laus við að halda dreinginn. og
fátækranefndin ráðstafaði honum
á annan hátt.

Jeg bið því traust til hinnar hátt-
virtu nefndar að hún sem fyrst
taki til greina hjergreint málefni
mitt.

Reykjavík 22 Ag 1906.
Virðingarfyllst.

Helgi Sigurdsson.
Hverfisgötu No 80 B

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

Guðrún Sigurðardóttir hefur aldrei giftst. —
Börnin óskilgetin. —
Guðrún Sigurðardóttir (talin til heimilis í Stóra-
gerði) hefur áður þegið þurfamannastyrk
(síðast 1903). —

Drengurinn Júlíus Runólfsson 12 ára. Faðir
Runólfur Gíslason (lengi í Hábæ, síðar á
á Tóttum) er dáinn fyrir c. 11 árum.

Guðrún Sigurðardóttir er fædd norður í
Skagafirði, en fluttist hingað á barns-
aldri, og hefur síðan dvalið hjer. Er
hjer efalaust sveitlæg. Nú hálf-
sextug að aldri. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 27/9. '06. – veitt.

Með línum þessum óska jeg, að yður háttvirta fátækranefnd Reykjavíkur, mætti þóknast, að leggja mjer úr fátækra=sjóði bæjarins, eins og 30 krónur nú í haust, eins og jeg hef áður frá skýrt, frá varð jeg fyrir meiðsli í sumar út á höfninni hér, og er svo ekki vinnu fær síðan. jeg sje engin ráð að fá mjer lítils háttar af kjöti eða inn mat. gjörð því að flýja á yðar náðir með þetta,

virðingarfyllst

Reykjavík 22. sept 1906

Stefán Jónsson (Grjóta)

nú í Ráðagerði við Holtsgötu

Til

fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/9. 06. – skr. [illegible] og bedid um vegabrjef til Seltjarnarneshrepps.

Reykjavik

Bakka 19-9-1906

Heidrada Fátækrastjórn

jeg undirskrifud sje mjer ekki annad fært en leita til ydar og bidja ydur ad vel gjöra og hjálpa dóttur minni Málfridi Þorkelsdóttir hún er vanfær og gjetur aunga björg sjer veitt og hefur ekkirt ad lifa á og eg gjet ekki hjálpad henni þvi eg er sjálf þurfandi jeg hef leitad til hreppsnemdar innar á Seltjarnar nesi þvi þar á hún framfærslu hrepp en þeir hafa svo gott sem skinjad mjer eda ~~att~~ ekki skjett neitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvörtun mína þar á ofan
er hún hús vilt eptir fáa
daga það þarf að vinda að
þessu sem allra first því dráttur
á þessu frá þeirra hendi er
orðin svo lángur að það gjetur
ekki og má ekki leingur dragast
jeg vonast til að þjer litið
á bænir mín og eind dóttur
minnar að hjálpa henni
eða láta gjöra það sem allra
first

Með virðingu
Teirir nund dóttur minnar

Helga Þorkelsdóttir
Til Fátækra nemdarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hálshreppi
Lundi 3/8. '05.

Herra Alþingism. Hermann Jónasson!

Nokkur orð til andsvar bréfi yðar dagsett 8. Júní n. l. - viðvíkjandi styrkbeiðni fyrir ekkjuna Ragnhildi Magnúsdóttur.

Í tilefni af þessu bréfi yðar þá lætur hreppsnefndin það í ljósi að henni finnst réttast fyrir konuna - ef hún kemst ekki styrklaust af, - að láta það ganga með styrkbeiðnina eins og venjulegt er, - leita fyrst bráðabyrgðaláns hjá dvalarhreppnum (bæarsjóði Reykjavíkur)

En fari svo að Hálshreppur þurfi að leggja ekkjunni eitthvað, - þá má hún búast við því að verða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flutt hingað norðan, - nema því að eins að styrkurinn verði mjög lítill.

Í umboði hreppsnefndarinnar
Virðingarfyllst
Guðni Þorsteinsson
(oddviti)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/10. 05.–

14/10. 05. sm. bæjarfgj. ital.
"að krefja Hálshrepp endurlenningar"!
19/10. 05. sent bæjarfóg. adjúnantkort.–

Þann 6 desber síðastl. var jeg svipt mínum kjæra eiginn manni Benidikt Axel Jósepssyni hann var fæddur 29 júní 1874 í Sjóvatúngu í Fnjóskadal í Hálsahreppi í Þingeyjarsýslu. Enn eftir lifa tvö börn okkar, Jón Ingólfur 2 ára gamall og Jósafína Saffíyja 1. árs gömul. Af því jeg efnaskorts og heilsu lasleika míns vegna, sje mjer ókleyft að áframfæra mig og börnin hjálparlaust, Leyfi jeg mjer hjer með allravirðingarfillst að leita hinnar heiðruðu fátækrastjórnar hjer í Reykjavíkurbæ og óska þess að henni þóknist að veita mjer úr fátækrasjóði bæarins gegn endurborgun frá framfærslusveit minni Háls-hreppi 80 kr. áttatýu krónu sveitarstyrk, og sje hann talinn veittur frá 15 júlí þ.á. Helmíngin af styrknum 40 kr. þarf jeg að fá sem allra físt, hinn helmíngin 40 kr. eftir Nýjár 1906.

Virðingarfillst

Hverfisgötu № 33 Rvík 10 oktober 1905.
Ragnhildur Magnúsdóttir

Til
Fátækrastjórnarinnar í Reykjavíkurbæ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/4. 05. frestað.
fundur 23/11. 05.

Sveitl. í Villingaholtshreppi.—

Sökum þess að ástæður mínar að undanförnu hafa verið heldur erviðar vegna heylsubrests, þá eru þær nú heldur betri þó eg sje í nokkurri þraung. Eg hef von um allgóða atvinnu næstkomandi vetrarvertíð og framveigis og í þeirri von leyfi eg mjer virðingarfyllst að fara bónarveg til hinnar Heyðruðu Fátækranefndar að hún vildi svo vel gjöra og lána mjer 70 krónur. Peningum með því skilirði að eg borgi það í Peningum fyrir Júlímánaðarlok næstkomandi 1906 og ef mjer mætti veitast þessi bón, óska eg að það mætti vera nú í þessum mánuði

Virðingarfyllst

Hverfisgötu 51 6 November 1905

Ásbjörn Sveinsson Vte

Til Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45 ára, fæddur á Hárlaugsstöð-
um í Holtum; fór á 2. ári að
Skálmholtshrauni í Villingaholts-
hr., og var þar í 34 ár. síðan
í ýmsum sveitarfjelögum.—

24/11.05. Sk.-bæjarfóg. Ásat--
Aðsjónarvottorð sent.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/4. 06. skr. bæjarfóg.; beðinn að skr. hreppstjóra Seltj.n.hr., um að taka stúlkuna til umönnunar. — . —

Reikjavik 2 April 1906

Skr: fund 26/4. 06. —

Reikn. Jóns á Bústöðum 48 kr. sendur bæjarfóg. 28/4. 06. —

Svo er því varið, að 28. mars s.l.
Kom hjer sem gestur í hús mitt (Bergstaðastig 21,)
Stúlkan Signí Ólafsdóttir frá Bústöðum
sem þar hefur dvalið að frásögn eftir litla viðstöðu
hjer fór stúlka þessi krampaslag og hefur hún
legið hjer í húsi mínu til þessa ruglað á viti
og hefur orðið að vera vöku maður yfir henni
nætur sem daga jafn framt. Skal þess
getið að Hr Jón Ólafsson á Bústöðum
tjáir mjer að heimilis ástæður hans sjeu
svo varið að hann geti ekki veitt stúlku þessari
móttöku svona á sig komna og að þrotum
til að sjá um hana hjer sem hann til þessa
hefur gört

Því er hjer með skorað á háttvirtann
formann fátækranemdarinnar
í Reikjavík að sjá um ráðstöfun
á nemdri stúlku hið fljótasta

Stúlkan var hjá í bæ frá 28. marz til 10. april
Reikn. Jóns Ól. var frá 28. marz til 4. april.

Bergstaðastig № 21

Virðingarfillst

Árni Árnason

til Formans Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]

Reikningur

til fátækrasjóðs Reykjavíkur frá Guðlaugu Egilsdóttur, sem hefur gleymst að gefa reikning fyrir 1 vökunótt yfir Signýju Ólafsdóttur (frá Bústöðum) - - - - Kr 2,00.

Rezept %50 meðal 1/12 - - - - 1,62

Kr. 3,62

Reykjavík, 14/6. 1906

Guðlaug Egilsdóttir.

Samþykkist og ávísast 10/7. 06.

Kr. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirit

Reikningur

til fátækranefndarinnar frá Jóni Hallssyni.

1906.

April 8. Fyrir að vaka yfir stúlku frá Bústöðum 1 nótt (Sigríði Hafsdóttur) - - - Kr 3,00.

3,00.

Reykjavík, 10/7. 06.

Borgað Jón Hallsson.

Reikninginn samþykktur og ávísaður 10/7. 06. K. Z.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Reikningur

frá Guðmundi Jafetssyni
til fátækranefndarinnar. —

1906.
Apríl 30. Fyrir 3ja vikna meðlag fyrir stúlkunni
Signýju Ólafsdóttur 3/00 — 9,00.

Veghúsum, 4/5. 1906.

G. Jafetsson.

Rjett eptirrit, staðfestir
Kristinn Jónsson.

Reikningur þessi samþykktur af fátækranefndinni á fundi 14. júní 1906, vottar
Kristinn Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

25. april 1906

# Reikningur

til fátækrastjórnar Reykjavíkur
frá Guðlaugu Eyjólfsdóttur.

| | Kr. | au |
|---|---|---|
| Fyrir að vaka yfir Signýju Ólafsdóttur frá Bústöðum 7 nætur 3 kr. um nóttina | 21, | 00. |
| Alls Kr | 21, | 00. |

Reykjavík, 25/4. 1906.
Guðlaug Eyjólfsdóttir
Bergstaðastræti 21.

Þetta er fyrir aðhlynningu, húsaleigu o. s. v.
fyr. Kr. J.

Rétt eptirrit staðfestir
Kristján Jónsson

Upphæð reikningsins á að vera 18 kr. (fyrir 6 nætur) og þannig samþykkist hann.
Fyrir fátækranefndina
Kristján Jónsson
p. t. formaður.

Visa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ávísað úr fátækrasjóði. 26/5.'06 gegn
endurgjaldi frá Villingaholtshreppi. —
Kn. Z.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 26/4. '06. – Vestur. –
Skr. Bóndi 28/4. '06.

Umsóknar bref um „Bæjarleifi í Reykjavíkur kaupstað"

Jeg undirskrifaður leifi mjer að beiðja hina háttvirtu fátækrastjórn í Reykjavíkur kaupstað að veita mer leifi til að setjast að sem tómt húsmaður frá 14. Mai n.k. í húseign minni (No 14 á Klapparstíg í Reykjavík.) er jeg með afsalsbrefi 21. þ.m. hef orðið sjettur eigandi gegn 8000 kr. kaupverði til seljanda.

Fjölskylda mín sem jeg hef fyrirað sjá og nú hef, er sem hjer segjir. –

1. (Umsækjandi) B. Kristján Guðmundsson fæddur að Sléttu í Sléttuhreppi Norður Ísafjarðarsýslu 27. Desember 1867.
2. Eiginkona umsækanda Guðrún Guðmundsdóttir fædd í Ánanaustum í Reykjavík 12 Januar 1866.
3. barn okkar Jódís Guðrún fædd á Brekku á Álptanesi í Bessastaðahreppi þann 14. Oktober 1905.
4. Klemens Kristján sonur umsækanda (eptir fyrra hjónaband) fæddur í Hverdal í Sléttuhreppi Norður Ísafjarðarsýslu þann 14. Maí 1895.

Hvað ástæður mínar snertir í efnalegu tilliti þá er eg enginn efnamaður, en hef það sem ~~jeg~~ þarf til að framleiða þetta mitt heimilisfólk sómalega með sömu heilsu og þess utan þá fjár upphæð hvort heldur er í fasteign eða lausafje sem áskilin er fyrir Bæjarleifinu hjer; hvenær sem þess er krafist. Sömuleiðis er heilsufar okkar allra mjög gott og mjer vitanlega engir næmir sjúkdómar meðfylgjandi.

Jeg vil með afsökun geta þess að jeg flutti hingað til bæjarins 9. þ.m. í leigingu annars manns, með áðurnefnda fjölskyldu, en vil geta þess jafnframt að jeg staða mín er enn, og verður til fardaga, n.k. að jeg er bóndi á Brekku á Álptanesi í Bessastaðahreppi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skila ekki jörðinni af mjer fyr. og verð þar af leiðandi að inna þær skyldur er það hreppsfjelag krefur mig sem einn jarðar ábúanda ~~þess~~ einn. Ástæðan fyrir veru minni hjer nú var atvinna sem jeg átti vísa hjer en ekki þar. Jeg vona því að hin háttvirta fátækrastjórn sjái að jeg hef ekki, og vil ekki fara á bak við neinn það gjaldandi er hún þarf að vernda, og treysti jafnframt af framan greindum ástæðum, að mjer verði leift að setjast hjer að í bænum, þar sem þjer sjáið að jeg hef svo fyrir hugað með því að verða eigandi að húseign þeirri er jeg flyt í ef guð lofar í vor.

Með virðingu

p.t. Reykjavík 24. Marz 1906

B. Kristján Jóhannsson

Laugaveg 15.

Til

Fátækrastjórnarinnar

í Reykjavíkur kaupstað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 11/10. '06 - synjað.
Skr. - 12/10. '06.

Reykjavík 11. okt. 1906

Jeg leyfi mjer hjermeð að beiðast þess að bæjarstjórnin vildi leyfa mjer að setjast að hjer í bænum sem þurrabúðarmaður.

Jeg er kvongaður maður 52 ára að aldri og kona mín 45 ára. Jeg á 3 börn, stúlku á 13 ári, dreng 8 ára og stúlkubarn á 7 ári. Kona mín og elsta barnið eru hjá mjer, en tveimur eldri börnunum hef jeg komið fyrir austur í Biskupstungum.

Jeg er í sveitarskuld við Biskupstungnahrepp og hann hefur að undanförnu styrkt mig með að gefa með börnunum að nokkru leyti.

Jeg legg hjer með vottorð um hegðun mína að undanförnu frá Sigurði Sigvaldasyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Pétri Einarssyni, sem hafa haldið
mig sem vinnumann, og vottorð frá
oddvita Biskupstungnahrepps um
að hreppsnefndin þar ábyrgist að jeg
verði ekki Reykjavíkur bæ til þyngsla.

Virðingarfyllst
Kristján Guðmundsson

Til
bæjarstjórnarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...id
...í
...
...ig
...la.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að gefnu tilefni leyfi eg mér að gefa herra Kristjáni Guð~~laugssyni~~ mundsýni frá Brekku í Biskupstungum það vottorð, að þau 11 ár, sem hann dvaldi hjá mér, fyrst sem unglingur og síðar sem vinnumaður, sýndi hann í allri framkomu sinni reglusemi stöku, iðni og trúmensku og var yfir höfuð svo gott hjú, sem auðið er að ætlast til. Eg mæli því óhikað með honum sem góðum dreng og dugnaðarmanni.

Reykjavík 16. Febrúar 1906

Pétur Einarsson

frá Felli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður, hefi haft Herra Kristján Guðmundsson frá ~~Bungu~~ Brekku í Biskupstungum fyrir vinnumann í tvö ár og hefur hann reinst mjer sem ráðvandur reglusamur og góður drengur

Reykjavík 27 október 1906

Sigurður Sigvaldason
Skólavörðustíg 45.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að gefnu tilefni
vottast hjer með
að Kristján Guðmundsson
nú í <u>Melbo</u> í Reykjavík
er í sveitarskuld við
Biskupstungnahrepp.
og tekur hreppsnefnd
þessa hrepps að sjer
alla ábyrgð á því
ef nefndur Kristján
skildi þurfa útthvað
til lífsframfæris.

staddur í Reykjavík 10/10 05
í umboði
BBjörnsson
(oddviti)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Ragnhildur fjarverandi uppi í sveit í Sept.; kom um Septbr. lok. Jón Eyjólfsson rannsakar heimili hennar. —
8/10. '06 sm. bæjarfóg.

Reykjavík 1. d. September mán. 1906.

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefur óskað þess fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Hálshreppi, að ekkjan Ragnhildur Magnúsdóttir, sem er sveitlæg þar og hefur þegið 80 kr. fátækrastyrk hjer, verði flutt á sveit sína með börnum sínum, ef hún þarfnast frekari styrktar.

Jeg vil því leyfa mjer að skora á hina heiðruðu fátækranefnd að láta sem fyrst rannsaka ástæður nefndrar ekkju og láta mig vita, hvort útlit er til þess, að hún komist hjer af styrklaust framvegis, svo að ekki verði nauðsynlegt að flytja hana.

Halldór Daníelsson

+ álítum að hún muni bjargast veturinn yfir; eigi nauðsyn á fátækraflutningi.

Til

fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 11/10. '06. – veitt.

Vegna þess að jeg er svo þjáður af algjörðu kviðsliti öðrumegin og mikilli bilun hinumegin svo jeg opt á mjög örðugt með að veita mjer nokkra björgun, og Guðmundur læknir Björnsson segir, að jeg þurfi að fá tvöfalt kviðslitaband í apótekinu, sem mun kosta í minnsta lagi 6 krónur, en jeg get ekki af eigin rammleik, eða af styrk þeim, sem mjer mánaðarlega er veittur úr fátækrasjóði, borgað þessa upphæð, leyfi jeg mjer auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði, auk hins mánaðarlega styrks sem mjer áður hefir verið veittur, þá upphæð, sem tvöfalt kviðslitaband kostar, til þess að jeg geti eignast það, og reynt hvort það ekki getur veitt mjer nokkra hjálp í þessum veikindum mínum.

Laugavegi í Reykjavík, 10. okt. 1906.

Auðmjúklegast.

Samson Ingimundarson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 27/9. 06. – frestað því Eyl.
Fundur 11/10. 06. – veitt. –

Þar sem eg vegna ástæða minna og heylsuleysis hef ekki getað verið til neyrnrar vinnu mest af þessu sumri og þar fyrir ekki getað lagt neytt meðlag með syni mínum Haraldi Olafssyni þá verð eg en á ný að fara bónarveg til hinnar Heyðruðu Fátækranefndar og biðja hana svo vel gjöra og veyta mjer styrk til að geta með þessum syni mínum því nú er áfallin 40 kr skuld frá minni hálfu sem eg get ekki borgað fái eg heylsu og geti verið í vist í vetur get eg kaup mitt með honum það sem það rekkur

Virðingarfyllst

Laugaveg 19 – 19 September 1906

Þóra Andrésdóttir

(18/10. 06 finnu fyrir 25 kr.)

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 11/10 -'06. - veitt.

Með brjefi þessu Leyfi eg mjer virðingarfyllst að biðja hina Heyðruðu Fátækranefnd svo vel gjöra og veyta mjer styrk mánaðarlega hjer Eptir og að sá styrkur vætti vera að upphæð Ekki minni en 6 krónur. ástæður mínar þarf eg Ekki tilgreyna það geta allir lesið þær út. þar eg er aðstoðarlaus að mestu Einn mjer og steinblindur get ekki aðgreint sólskin frá mirkri. Eg vona alt góðs

Virðingarfyllst

Hverfisgötu 28 7 Oktobr 1906

Jóhann Jónsson

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 27/9. '06. – frestað.
fundur 11/10. '06. – afgjört. –

Með þessu brjefi Leyfi eg mjer að tilkynna Hinni Heyðraðu Fátækranefnd að Fátækt min er nu svo mikil að eg treysti mjer Ekki til að vera áfram með kvennmann og börn við slíka fátækt –

Er það því okkar i milli sameiginlegur vilji að slita samvistum með því móti samt að börnin okkar sem eru 4$^{\text{m}}$ gætu komist i góða staði; Og er það því virðingarfyllst bón min og okkar að hin Heyðraða Fátækranefnd vildi svo vel gjöra og gángast fyrir að koma þeym fyrir og annast meðlag með þeym af fátækrasjóði. En alt fyrir það tel eg mig skyldan og fúsan til að borga Eitthvað að svo miklu leyti sem mjer er eða yrði hægt og vildi þá helst mega afhenda það til nefndarinnar. En ekki til þeirra sem börnin verða hjá. – Eg vildi óska að nefndin vildi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lofa mjer ad fá ad vita sem fyrst hvad henni þóknast ad ráða úr þessari beydni minni. því Ekkjert húspláss höfum við nema til þess 30 þ. m.

virdingarfyllst

Laugaveg 52 – 26 Septembr 1906.

Gudjón Jónsson.

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur